# Firmnatilkynningar.

152

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1917.

*1. Reykjavík.*

1. Trjesmiðirnir Júlíus Sveinsson Ingólfsstræti 6 og Ólafur Jónsson Laugaveg 24, báðir til heimilis í Reykjavík, tilkynna til firmaskrárinnar, að þeir reki í fjelagi með ótakmarkaðri ábyrgð, verslun og vinnustofu í Reykjavík undir firmanafninu Júlíus og Ólafur. Báðir eigendur hafa hvor um sig rjett til að rita firmað.

Júlíus Sveinsson ritar firmað þannig:

Júlíus og Ólafur.
Júlíus Sveinsson.

Ólafur Jónsson ritar firmað þannig:

Júlíus og Ólafur.
Ólafur Jónsson.

2. Kaupmaður G. Eirikss tilkynnir, að prókúruumboð Daníels Halldórssonar sje afturkallað frá 1. nóv. 1916, að telja.

3. Formaður hlutafjelagsins »Sjávarborg« hjer í bænum, er skrásett var 1. okt. 1909, tilkynnir, að fjelag þetta hafi verið leyst upp 22. nóv. 1916.

4. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að prókúruumboð herra Carls Finsen afturkallast.

Reykjavík, 29. des. 1916.
Trolle & Rothe.

5. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að prókúruumboð herra Carls Finsen afturkallast.

Reykjavík, 29. des. 1916.
Carl Trolle.

6. Jóhann Ólafsson og Sigfús Blöndahl, kaupmenn í Reykjavík, reka umboðs- og heildsöluverslun í Reykjavík, sem fullábyrgisfjelagar með firma:

Jóhann Ólafsson & Co.

Jóhann Ólafsson ritar firmað þannig:

Jóh. Ólafsson & Co.

Sigfús Blöndahl ritar firmað þannig:

Jóh. Ólafsson & Co.

Reykjavík, 5. jan. 1917.
Jóhann Ólafsson. Sigfús Blöndahl.

152 7. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að vjer höfum gefið herra Valdemar Hansen í Reykjavík prókúruumboð fyrir firma vort.

Reykjavík, 10. janúar 1917.
Trolle & Rothe.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

pr. p. Carl Trolle.
Vald. Hansen.

8. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að jeg hefi gefið herra Valdemar Hansen í Reykjavík prókúruumboð fyrir firma mitt.

Reykjavík, 10. janúar 1917.
Carl Trolle.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

pr. p. Carl Trolle.
Vald. Hansen.

9. Hlutafjelagið »Nýja Bío« starfrækir kvikmyndasýningar í Reykjavík og á öðrum stöðum á Íslandi ef til kemur, með takmarkaðri ábyrgð. Lög fjelagsins eru dagsett 12. apríl 1912. Lögheimili fjelagsins er í Reykjavík. Í stjórn fjelagsins eru: Lárus Fjeldsted lögfræðingur í Reykjavík formaður, Bjarni Jónsson snikkari í Reykjavík og Carl Sæmundsen kaupmaður í Kaupmannahöfn meðstjórnendur, hinn fyrnefndi er um leið framkvæmdarstjóri fjelagsins og prókúruhafi. Varamaður í stjórninni er: Guðmundur Jensson verslunarmaður í Reykjavík. Tveir úr stjórninni rita firmað. Hlutafjeð er 24000 kr., er skiftist í 48 hluti, hver að upphæð kr. 500,00 og hljóða á nafn. Hlutafjeð er alt greitt. Tilkynningar til fjelagsmanna gerast með ábyrgðarbrjefi.

Reykjavík, 20. janúar 1917.
H.f. Nýja Bíó.
Bjarni Jónsson. Lárus Fjeldsted.

Prókúrahafi ritar firmað þannig:

Bjarni Jónsson.

10. Undirritaður Egill Jacobsen kaupmaður, til heimilis í Pósthússtræti 2 Reykjavík, rekur vefnaðarvöruverslun hjer í bænum undir firmanafninu »Egill Jacobsen« með útibúum í Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum.

Prókúruhafi firmans er ungfrú Guðrún Þorkelsdóttir.

Egill Jacobsen ritar firmað þannig:

Egill Jacobsen.

Guðrún Þorkelsdóttir ritar firmað þannig:

p. p. Egill Jacobsen.
Guðrún Þorkelsdóttir.

11. Jeg undirritaður Ludvig Andersen klæðskeri í Reykjavík veiti hjermeð herra O. J. Lauth prókúruumboð fyrir klæðaverslun mína. 152

O. J. Lauth skrifar firmað þannig:

p. p. Ludvig Andersen.
O. J. Lauth.
Reykjavík, 22. janúar 1917.

12. Jeg undirskrifaður Páll H. Gíslason, kaupmaður í Reykjavík tilkynni hjermeð til verslunarskrárinnar í Reykjavík, að jeg hefi veitt herra verslunarmanni Þorleifi Jónssyni prókúruumboð fyrir verslun mína í Reykjavík.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p. p. verslun Páls H Gíslasonar.
Þorleifur Jónsson.
Reykjavík, 19. janúar 1917.
Páll H. Gíslason.

13. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að vjer höfum gefið herra Valdemar Hansen í Reykjavík prókúruumboð fyrir firma vort.

Reykjavík, 10. janúar 1917.
Trolle & Rothe.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

pr. p. Trolle & Rothe.
Vald. Hansen.

14. Undirritaður Þorsteinn J. Sigurðsson, kaupmaður hjer í bænum tilkynnir hjermeð til firmaskrárinnar í Reykjavík, að hann rekur verslun hjer í bænum undir firmanafninu »Litla búðin« og ritar hann firmað þannig:

Litla búðin
Þorsteinn J. Sigurðsson.
Reykjavík, 30. janúar 1917.
Þorsteinn J. Sigurðsson.

15. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að sú breyting hefir orðið á stjórn Fiskiveiðahlutafjelagsins »Ísland« í Reykjavík, að úr stjórninni hefir gengið Pjetur kaupm. Jónsson í Reykjavík, en í stað hans er kosinn Þorsteinn skipstjóri Þorsteinsson í Reykjavík.

Reykjavík, 5 febrúar 1917.
Pr. pr. Fiskiveiðahlutafjelagið »Ísland«
Jes Zimsen.

152 16. Jeg undirritaður G. Eiríkss, heildsali í Reykjavík, tilkynni hjermeð til firmaskrárinnar, að hr. Björn Ólafsson hefir prókúruumboð fyrir verslun mína og ritar hann firmað þannig:

p. p. G. Eiríkss,
Björn Ólafsson.
Reykjavík, 15. febrúar 1917.
G. Eiríkss.

17. Sigurjón Ólafsson skipstjóri, Lindargötu 25, Ólafur G. Eyjólsson kaupm. Hverfisgötu 18, Ólafur J. Hvanndal Lindargötu 1 B, og Sigurður Sigfússon sjómaður, tilkynna til firmaskrárinnar, að þeir, með ótakmarkaðri ábyrgð, reki fiskiveiðar og siglingu undir firmanafninu: »Sameignarfjelagið Úlfar«, með mótorbát, er þeir nú hafa í smíðum og Úlfur heitir. Framkvæmdarstjóri er Ólafur G Eyjólfsson og hefir hann prókúruumboð fyrir fjelagið og ritar hann firmað þannig:

P. p. »Sameignarfjelagið Úlfar«
Ó. G. Eyjólfsson.
»Sameignarfjelagið Úlfar«.
Sigurjón Ólafsson,
(formaður).
Ó. G. Eyjólfsson. Ólafur J. Hvanndal,
(meðstjórnendur).

18. Hlutafjelagið »Nýja Bíó« starfrækir kvikmyndasýningar í Reykjavík og á öðrum stöðum á Íslandi ef til kemur, með takmarkaðri ábyrgð.

Lög fjelagsins eru dagsett 12. apríl 1912. — Lögheimili fjelagsins er í Reykjavík. Í stjórn fjelagsins eru: Lárus Fjeldsted lögfræðingur í Reykjavík, formaður, Bjarni Jónsson snikkari í Reykjavík og Carl Sæmundsen kaupmaður í Kaupmannahöfn meðstjórnendur, hinn fyrnefndi er um leið framkvæmdarstjóri fjelagsins og prókúruhafi. Varamaður í stjórninni er: Guðmundur Jensson verslunarmaður í Reykjavík. Tveir úr stjórninni rita firmað. Hlutafjeð er 24000 kr., er skiftist í 48 hluti, hver að upphæð kr. 500,00 og hljóða á nafn. Hlutafjeð er alt greitt. Tilkynningar til fjelagsmanna gerast með ábyrgðarbrjefi.

Reykjavík, 20. janúar 1917.
»H.f. Nýja Bíó«.
Bjarni Jónsson. Lárus Fjeldsted.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

Pr. pr. »h.f. Nýja Bíó«
Bjarni Jónsson.

19. Vjer undirritaðir einustu eigendur verslunarinnar »Jón Hjartarson & Co«, sbr. tilkynning til firmaskrárinnar 17. apríl 1915, tilkynnum hjermeð, að Jón Hjartarson er einn orðinn eigandi verslunarinnar, sem hann framvegis rekur undir sama firmanafni og fullnægir Jón Hjartarson einn öllum skuldbindingum firmans. 152

Reykjavík, 7 febrúar 1917.
Jón Guðmundsson. Sveinn M Hjartarson. Jón Hjartarson.

20. Á aðalfundi h.f. Fjelagsbókbandið, sem haldinn var 13. f. m., gekk hr. Þorleifur Gunnarsson úr stjórn fjelagsins, og er stjórnin nú skipuð þannig:

Formaður Ingvar Þorsteinsson, gjaldkeri Björn Bogason, ritari Lúðvíg Jakobsson, til vara Runólfur Guðjónsson.

pr. h.f. Fjelagsbókbandið
Ingvar Þorsteinsson. Björn Bogason. Lúðvíg Jakobsson.

21. Jeg undirritaður eigandi firmans klæðaverslunar H. Andersen & Sön í Reykjavík gef hjermeð hr. klæðskera Vigfúsi Guðbrandssyni prókúruumboð fyrir firmað klæðaverslunina H. Andersen & Sön og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Klæðaverslun H. Andersen & Sön.
Vigf. Guðbrandsson.
Reykjavík, 7. mars 1917.
Helga Bjarnason.

22. Hjermeð auglýsist, að frá í dag og þar til öðruvísi verður ákveðið, hefir herra bæjarfulltrúi Þorvarður Þorvarðsson prókúruumboð fyrir Clementz & Co. h.f. og ritar hann firmað þannig:

Pr. pr. Clementz & Co h.f.
Þorvarður Þorvarðsson.
Reykjavík, 5 maí 1917.
Clementz & Co. h.f.
Þorkell Þ. Clementz.

23. Jeg undirrituð Hansína Fr. Hansdóttir, eigandi verslunarinnar »Von« hjer í bænum, tilkynni hjermeð til firmaskrár kaupstaðarins, að jeg hefi veitt herra kaupmanni Snorra Jóhannssyni hjer í bænum prókúruumboð fyrir ofannefnda verslun mína.

Reykjavík, 2 maí 1917.
Hansína Fr. Hansdóttir.

24. Undir firma »Fatabúðin« rekur Guðríður Árnadóttir verslun hjer í bænum með allskonar tilbúin fatnað, og með ótakmarkaðri ábyrgð.

Hún ritar firmað þannig:

»Fatabúðin«.
Guðríður Árnadóttir.

152 25. Jeg undirrituð Hansína Fr. Hansdóttir, eigandi verslunarinnar »Von« hjer í bænum, tilkynni hjermeð til firmaskrár kaupstaðarins, að prókúruumboð Hallgríms Tómassonar fyrir tjeða verslun er fallið úr gildi frá þessum degi að telja.

Reykjavík, 2. maí 1917.
Hansína Fr. Hansdóttir.

26. Undir firma h f. Mótorverkstæðið »Dvergur«, er rekin viðgerð á mótorum og annað það, er að járnsmíði, lýtur í Reykjavík af hlutafjelagi með lögum dags. 22. maí 1917. Í stjórn fjelagsins eru 3 menn og eru þeir Jóhannes Magnússon verslunarmaður formaður, Guðjón Ólafsson seglasaumari og Einar Pjetursson verslunarmaður meðstjórnendur. — Hlutafjeð er 15 þúsund krónur, skift í 25 kr., 100 kr. og 500 kr. hluti. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Hlutafjeð er að fullu greitt.

Formaður og annarhvor hinna úr stjórninni rita firmað. Prókúru hefir Einar Pjetursson verslunarmaður.

Stjórnin ritar firmað þannig:

H.f. Mótorverkstæðið »Dvergur«.
Jóh. Magnússon. Guðjón Ólafsson.

Eða:

Jóhannes Magnússon. Einar Pjetursson.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p. p. h.f. Mótorverkstæðið »Dvergur«.
Einar Pjetursson.
Reykjavík, 25. maí 1917.
Jóh. Magnússon. Guðjón Ólafsson. Einar Pjetursson.

27. Stjórn h f. fiskiveiðafjelagsins »Hákon jarl« í Reykjavík tilkynnir til firmaskrárinnar, að sú breyting varð á stjórn fjelagsins á aðalfundi þess, sem haldinn var 26. maí þ. á., að yfirrjettarprókúrator Oddur Gíslason var kosinn meðstjórnandi í stoð konsúls Olgeirs Friðgeirssonar, er dreginn var út samkvæmt lögum fjelagsins.

Carl Proppé og Oddur Gíslason rita firmað þannig:

C. Proppé. Oddur Gíslason.

Þorsteinn Jónsson og Oddur Gíslason rita firmað þannig:

Oddur Gíslason. Þorsteinn Jónsson.
Reykjavík, 8. júní 1917.
C. Proppé. Oddur Gíslason. Þorst. Jónsson.

28. Á stjórn Niðursuðu- og pjáturverksmiðjuhlutafjelagsins Ísland, hefir sú breyting orðið, að P. M. Bjarnason hefir gengið úr stjórninni, en í hans stað tek-

ið sæti í henni Guðmundur Kr. Guðmundsson kaupmaður ásamt Tómasi Jónssyni kaupmanni. Skrifa þeir firmað eftirleiðis þannig: 152

Niðursuðu- og pjáturverksmiðjuhlutafjelagið Ísland.
Tómas Jónsson Guðm. Kr. Guðmundsson.

Þetta tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar.

Reykjavík, 8. maí 1917.
Niðursuðu- og pjáturverksmiðjuhlutafjelagið Ísland.
Tómas Jónsson. Guðm. Kr. Guðmundsson. Pjetur M. Bjarnason.

29. Íshús- og fiskiveiðahlutafjelagið »Herðubreið« rekur íshús í Reykjavík og fiski- og síldveiðar. Lög fjelagsins eru dags. 1. apríl 1916 og er hlutafjeð kr. 70,000,00 skift í 70 hluti, að fullu innborgað, hlutabrjefin hljóða á nafn. Stjórn fjelagsins skipa þrír hluthafar: formaður og tveir meðstjórnendur og geta tveir úr stjórninni skuldbundið fjelagið og veðsett eignir þess Núverandi stjórn er formaður Þórður Bjarnason kaupmaður hjer í bænum, meðstjórnendur Carl Proppé kaupmaður og Carl Olsen kaupmaður, báðir hjer í bænum. Birtingar til fjelagsmanna skulu gjörðar skriflega eða með símskeytum, en ekki með auglýsingum í opinberum blöðum.

Stjórnin ritar firmað þannig:

H.f. Herðubreið.
Þórður Bjarnason C. Proppé

30. Stjórn fiskiveiðahlutafjelagsins »Ægir« tilkynnir hjermeð að fjelagið reki fiskiveiðar, þar á meðal síldveiðar, annast verkun, kaup og sölu á fiski og fiskiafurðum og annan atvinnurekstur, sem stendur í sambandi við fiskiveiðar. Lög fjelagsins eru samþykt 13. júní 1914 og breyting 26 maí 1917. — Stjórn skipa: Magnús Blöndahl formaður og meðstjórnendur Indriði Gottsveinsson og Páll Magnússon. Undirskrift formanns og annars meðstjórnanda er skuldbindandi fyrir fjelagið Útgerðarstjóri er Magnús Blöndahl. Hlutafje fjelagsins er 90 þúsund krónur, er skiftist í 5000 króna hluti, þaraf innborgað 85000 krónur. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Birtingar til fjelagsmanna skal setja í Lögbirtiugablaðið og eitt eða tvö önnur blöð í Reykjavík, sem talin eru víðlesnust, nema stjórnin ákveði annað um boðun aukafundar. Varamenn í stjórn eru: Sigurjón Ólafsson skipstjóri, Sigurður Jónsson steinsmiður og Magnús Sveinsson, skipstjóri

Reykjavík, 31. maí 1917.
H.f. Fiskiveiðahlutafjelagið Ægir.
Magnús Blöndahl. Páll Magnússon.
Sigurjón Ólafsson
(í fjarveru Indr. Gottsveinssonar).

152 31. Jeg undirritaður Páll Ólafsson kaupmaður tilkynni hjermeð til firmaskrárinnar í Reykjavík, að jeg rek brauðgerðarhús hjer í bænum undir firmanafninu: »Heildsölubrauðgerðin« og rita jeg firmað þannig:

Heildsölubrauðgerðin.
Páll Ólafsson.
Reykjavík, 18. júní 1917.
Páll Ólafsson.

32. Jeg undirrituð, sem fengið hefi leyfi til þess að sitja í óskiftu búi eftir mann minn Geir sál. Zoëga kaupm., rek eftirleiðis verslun hans undir firmanafninu: »Verslun G. Zoëga«.

Prókúruumboð hafa sonur minn Geir Zoëga og bróðir minn Sigurjón Jónsson. Skrifa þeir firmað þannig:

Hinn fyrnefndi:

p. p Verslun G. Zoëga
Geir Zoëga.

Hinn síðarnefndi:

p. p. Verslun G. Zoëga
Sigurjón Jónsson.
Reykjavík, 9. júní 1917.
Helga Zoëga.

33. Undirritaðar reka verslun og kvenfatasaumastofu undir firmanafninu »Alfa«. Ótakmörkuð ábyrgð. Til þess að skuldbinda firmað þarf undirskrift tveggja okkar og munum við rita firmað þannig:

Verslunin »Alfa«
Rósa Jónsdóttir.
Vilborg Vilhjálmsdóttir.
eða: Verslunin »Alfa«
Vilborg Vilhjálmsdóttir
Guðný Vilhjálmsdóttir.
eða: Verslunin »Alfa«
Guðný Vilhjálmsdóttir
Rósa Jónsdóttir.
Reykjavík, 16. júní 1917.

Rósa Jónsdóttir, Ingólfsstræti 21. Guðný Vilhjálmsdóttir, Hverfisgötu 37. Vilborg Vilhjálmsdóttir, Hverfisgötu 37.

34. Við undirritaðir, jeg Björn Sveinsson kaupmaður Spítalastíg 4, og jeg Sigurður Skúlason verslunarmaður Grundarstíg 4, báðir hjer í bænum, rekum verslun hjer með firmanafninu: »Breiðablik« með ótakmarkaðri ábyrgð. 152

Firmað ritar hvor um sig þannig:

Breiðablik
Björn Sveinsson.
Breiðablik
Sigurður Skúlason.
Reykjavík, 4. sept. 1917.
Björn Sveinsson. Sigurður Skúlason.

35. Ólafur Johnson konsúll, Arent Claessen kaupmaður, báðir í Reykjavík, og Jón Björnsson frá Svarfhóli, kaupmaður í Borgarnesi, tilkynna að hlutafjelagið fiskiveiðafjelagið »Dröfn« reki útgerð mótorbáta til fiskiveiða og atvinnugreina, sem standa í sambandi við fiskiveiðar og útgerð. Lög fjelagsins eru dagsett 25. júní 1916. Í stjórn fjelagsins eru: Formaður Ólafur Johnson konsúll, meðstjórnendur Arent Claessen kaupmaður og Jón Björnsson frá Svarfhóli kaupmaður, varamaður Jón Björnsson frá Bæ, kaupmaður.

Formaður og annar meðstjórnandi geta skuldbundið firmað. — Höfuðstóllinn er 50000,00 krónur, þar af innborgað kr. 46000,00, afgangurinn greiðist þegar krafist er. Hlutabrjefin hljóða á nafn og er hvert þeirra 1000,00 krónur.

Reykjavík, 5. september 1917.
Í stjórn hlutafjelagsins fiskiveiðafjelagsins »Dröfn«.
Ól Johnson. A. Claessen. Jón Björnsson.

36. Jeg undirrituð Hansína Fr. Hansdóttir í Reykjavík tilkynni hjermeð til firmaskrárinnar í Reykjavík, að jeg er hætt að reka hjer verslun undir firmanafninu »Von«.

Reykjavík, 18. sept. 1917.
Hansína Fr. Hansdóttir.

37. Jeg undirritaður Hallgrímur Tómasson kaupmaður í Reykjavík tilkynni hjermeð til firmaskrárinnar í Reykjavík, að jeg rek verslun hjer í bænum undir firmanafninu »Von«.

Firmað rita jeg einn þannig:

Verslunin »Von«.
Hallgr. Tómasson.

38. Undirritaðir Theodór Magnússon, Hverfisgötu 62, og Siggeir Einarsson, Njálsgötu 39 B., tilkynnum hjermeð til firmaskrárinnar í Reykjavík, að við rekum

152 brauðgerðarhús á Frakkastíg 14 hjer í bæ undir firmanafninu: Theodór & Siggeir, með ótakmarkaðri ábyrgð.

Firmað ritar hvor um sig þannig:

Theodór & Siggeir
Th. Magnússon.
Theodór & Siggeir
Siggeir Einarsson.

39. Prókúruumboð það, sem herra Björgúlfur Stefánsson hefir haft fyrir mig, afturkallast hjermeð.

Reykjavík, 1. okt. 1917.
Jón Brynjólfsson.

40. Á fundi »fiskiveiðafjelagsins Eggerts Ólafssonar«, 25. sept. þ. á., voru þessir menn kosnir í stjórn fjelagsins: Elías Stefánsson framkvæmdarstjóri formaður, Halldór Kr. Þorsteinsson skipstjóri og Hannes Thorsteinsson yfirrjettarmálaflutningsmaður.

Stjórnin ritar firmað þannig:

pr. h.f. Eggert Ólafsson
Elías Stefánsson Halldór Þorsteinsson. Hannes Thorsteinsson.

41. Björgúlfur Stefánsson verslunarmaður og Teódór V. Bjarnar verslunarmaður, báðir hjer í bænum, reka skóverslun hjer í bænum undir firmanafninu: »B. Stefánsson & Bjarnar«, með ótakmarkaðri ábyrgð.

Hvor um sig rita firmað þannig:

B. Stefánsson & Bjarnar.
Reykjavík, 1. október 1917.
B. Stefánsson. Teo Bjarnar.

42. Sigurður Hallsson Grettisgötu 50 í Reykjavík, rekur verslun hjer í bænum undir firmanafninu: »Grettir«, og ritar hann firmað þannig:

»Grettir«
Sigurður Hallsson.

43. Hlutafjelagið »Skaftfellingur« er stofnað samkvæmt samþyktum dags. 7. febr. 1917 til þess að reka siglingar milli hafna á Suðurlandi. Í stjórn fjelagsins eru: Lárus Helgason óðalsbóndi á Kirkjubæjarklaustri, síra Sigurður Sigurðsson prestur í Þykkvabæjarklaustursprestakalli, Bjarni Pálsson lausamaður á Söndum, Eyjólfur Guðmundsson óðalsbóndi á Hvoli í Vestur-Skaftafellssýslu og Hannes Thorarensen framkvæmdarstjóri Sláturfjelags Suðurlands í Reykjavík. Heimild til að rita firmað hefir Lárus óðalsbóndi Helgason með minst tveim öðrum mönnum úr stjórn fjelagsins. Hlutafjeð er 30,225 — þrjátíu þúsund tvö hundruð tuttugu og fimm — krónur og er að fullu innborgað. Hlutirnir hljóða á nafn, skift í 25 kr., 50 kr. og 100 kr. hluti. Birtingar til

fjelagsmanna skulu birtar með mánaðar fyrirvara á þann hátt, sem stjórnin ákveður. — Prókúruumboð hefir framkvæmdarstjóri Sláturfjelags Suðurlands Hannes Thorarensen í Reykjavík. 152

p. t. Vík í sept. 1917.

Lárus Helgason. Bjarni Pálsson. Sigurður Sigurðsson. Eyjólfur Guðmundsson.

Prókúruhafinn ritar þannig:

pr. pro. »h.f. Skaftfellingur«
H. Thorarensen.

44. Hjermeð leyfi jeg mjer að tilkynna til verslunarskrár Reykjavíkurkaupstaðar, að Samband íslenskra samvinnufjelaga, skammstafað S. Í. S., annast vörukaup og vörusölu þeirra kaupfjelaga og annara samvinnufjelaga, sem í því eru. Samþyktir S. Í. S. eru dagsettar $^{20}/_{6}$ 1917. Samkv. 1. gr. samþyktanna er heimili og varnarþing S. Í. S. á Akureyri, en aðalskrifstofa þess er í Reykjavík. Útskrifstofur hefir sambandið sem stendur í Kaupmannahöfn og New York.

Fjártrygging sambandsins byggist á því, að öll þau fjelög, sem í því eru, ábyrgjast samstaklega (in solidum) allar löglegar skuldbindingar sambandsins, en skuldbindingar fjelaganna ábyrgjast allir fjelagsmenn samstaklega (in solidum).

Auglýsingar til fjelaga þeirra, sem í Samb. ísl. samvinnufjelaga eru, skulu birtar í Lögbirtingablaðinu.

Í stjórn S. Í. S. eru nú Pjetur Jónsson kaupfjelagsstjóri frá Húsavík formaður og Sigurður Kristinsson kaupfjelagsstjóri á Akureyri og Ingólfur Bjarnason kaupfjelagsstjóri í Fjósatungu meðstjórnendur. Formaður ritar firmað.

Framkvæmdarstjóri S. Í. S. er Hallgrímur Kristinsson í Reykjavík og hefir hann prókúruumboð.

Húsavík, 30. septbr. 1917.
Pjetur Jónsson.
Akureyri, 6. október 1917.
S. Kristinsson. Ing. Bjarnason.
Reykjavík, 14. nóvbr. 1917.
pr. pr. Samband ísl. samvinnufjelaga
H. Kristinsson.

45. Pjetur J. Thorsteinsson kaupmaður, Ólafur Johnson konsúll og Gunnar Thorsteinsson verslunarmaður tilkynna, að stofnað sje hlutafjelagið »Hörður« í Reykjavík. Lög fjelagsins eru dagsett $^{30}/_{11}$ '17. Tilgangur fjelagsins er að reka verslun og sjávarútgerð til fiskiveiða og flutninga. Í stjórn fjelagsins eru: Formaður Pjetur J. Thorsteinsson, meðstjórnendur Ólafur Johnson og Gunnar Thorsteinsson. Formaður ritar einn firmað, en þar sem vald hans

152 nær eigi til, þarf undirskrift annars meðstjórnanda með formanni. Stofnfjeð er 100 þús. kr., sem skiftist í hluti að upphæð 1000 kr. hver. Hlutirnir hljóða á nafn og eru greiddir að fullu. Birtingar til fjelagsmanna þarf eigi að setja í opinber blöð.

Formaður Pjetur J. Thorsteinsson ritar firmað þannig:

h.f. Hörður
P. J. Thorsteinsson.

Formaður og meðstjórnandi Ólafur Johnson rita firmað þannig:

h.f. Hörður
P. J. Thorsteinsson. Ól. Johnson.

Formaður og meðstjórnandi Gunnar Thorsteinsson rita firmað þannig:

h.f. Hörður
P. J. Thorsteinsson. Gunnar Thorsteinsson.

Reykjavík, 30 nóv. 1917.
P. J. Thorsteinsson. Ól. Johnson. Gunnar Thorsteinsson.

## *II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.*

1. Haraldur Böðvarsson kaupmaður í Reykjavík, Sverre Hansen skipaútgerðarmaður í Bergen og Eggert Claessen yfirrjettarmálaflutningsmaður í Reykjavík, tilkynna til firmaskrárinnar, að hlutafjelagið »Haraldur Böðvarsson & Co h.f.« reki verslun á Akranesi. Samþyktirnar eru dagsettar 6. okt. 1916. Í stjórn fjelagsins eru: Haraldur Böðvarsson formaður og meðstjórnendur Sverre Hansen og Eggert Claessen. Undirskrift formanns er gild að því er snertir venjulega rekstursstarfsemi, ella þarf undirskrift formanns og annars meðstjórnanda. Til þess að veðsetja eignir fjelagsins, kaupa og selja fasteignir, þarf samþykki fjelagsfundar. Höfuðstóllinn er 65 þús. kr., er skiftist í 1000 kr., 500 kr. og 100 kr. hluti, sem hljóða á nafn og skulu greiðast að fullu, þegar formaður fjelagsins krefst þess. Birtingar til fjelagsmanna þarf eigi að setja í opinber blöð.

Haraldur Böðvarsson ritar firmað þannig:

Haraldur Böðvarsson & Co. h.f.
Haraldur Böðvarsson.

Haraldur Böðvarsson og Sverre Hansen rita firmað þannig:

Haraldur Böðvarsson & Co. h.f.
Haraldur Böðvarsson. Sverre Hansen.

Haraldur Böðvarsson og Eggert Claessen rita firmað þannig:

Haraldur Böðvarsson & Co. h.f.
Haraldur Böðvarsson. Eggert Claessen.

2. Ól. B. Björnsson, Níels Kristmannsson og Bjarni Ólafsson tilkynna, að þeir reki verslun á Akranesi undir firmanafninu »Bjarni Ólafsson & Co.«. Samþyktir dags. 28. febr. 1917. Höfuðstóll er 10,000 kr. Ól. B. Björnsson ábyrgist einn skuldir fjelagsins. Heimild til að rita firmað hafa stjórnendur, sem eru: Ól. B. Björnsson, Níels Kristmannsson og Bjarni Ólafsson, hver í sínu lagi. Birtingar setjist í Lögbirtingablaðið. 152

## *III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.*

1. Hlutafjelagið »Breiðafjarðarbáturinn« rekur flóabátsferðir um Breiðafjörð og víðar. Lög fjelagsins eru dagsett 15. sept. 1916. Stofnfje fjelagsins er 30000 kr., skift í 25 kr., 50 kr., 100 kr. og 500 kr. hluti, og er greitt að fullu. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Stjórn fjelagsins skipa 7 menn, kosnir til eins árs í senn. Formaður fjelagsstjórnarinnar er kaupmaður Sæmundur Halldórsson, Stykkishólmi. Undirskriftir formanns fjelagsstjórnar og þriggja annara stjórnenda eru skuldbindandi fyrir fjelagið. Til fjelagsfunda skal boða með auglýsingu í 2 víðlesnustu blöðum landsins. Aðalskrifstofa fjelagsins, heimilisfang þess og varnarþing er í Stykkishólmi.

2. Firmað »Bræðurnir Proppé« tilkynnir, að sú breyting sje orðin um verslun firmans á Sandi, að prókúruhafi fyrir nefnda verslun, herra Valdimar Ármannsson, sje orðinn meðeigandi í versluninni á Sandi, þannig að hann eigi helming þeirrar verslunar, með öllum þeim rjettindum og skyldum, sem þar með fylgja.

## *IV. Barðastrandarsýsla.*

1. Hlutafjelagið »Patrekur« rekur fiskiútveg á Patreksfirði. Lög fjelagsins eru dagsett 5. nóv. 1915 og viðauki við þau 25. janúar 1917. Í stjórn fjelagsins eru: Ólafur konsúll Jóhannesson formaður, Guðm. sýslum. Björnsson og Jón A. Ólafsson kaupmaður. Formaður hefir rjett til að rita firmað. Hlutafjeð er 60000 krónur, skift í 500 króna hluti, er hljóða á handhafa. Af hlutafjenu eru greiddar kr. 19250,00 og kr. 10750,00 greiðast 1. maí 1917. Fyrir hinum helmingnum getur stjórnin heimtað tryggingu þegar hún ákveður.

152 2. Guðmundur Sigurðsson og Jóhann Ingivaldur Jónsson reka verslun á Bíldudal, með fullri ábyrgð, undir firmanafninu »Verslunin Baldur«.

Guðmundur Sigurðsson ritar firmað þannig:

Verslunin »Baldur«
G. Sigurðsson.

Jóhann I. Jónsson ritar firmað þannig:

Verslunin »Baldur«
Jóh. I. Jónsson.

3. Fiskiveiðahlutafjelagið »Kópur« rekur selveiðar og annan sjávarútveg frá Suðureyri í Tálknafirði. Lög fjelagsins eru dags. 19. júní 1916. Stofnfje 100 þús. krónur skiftist í 1000 kr. hluti, innborgað að fullu. Hlutabrjefin ónafnsett. Heimild til að rita firmað hefir formaður eða 2 meðstjórnendur. Fjelagsfundi skal boða með brjefi eða símskeyti. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið. Lögheimili fjelagsins og varnarþing þess er fyrst um sinn Tálknafjörður.

Formaður og framkvæmdarstjóri fjelagsins er: Pjetur A. Olafsson.

Meðstjórnendur: Ragnar Fr. Ólafsson og Páll Stefánsson.

Procura hefir: Pjetur A. Ólafsson.

Formaður og Procurahafi ritar firmað þannig:

p. p. H.f. Kópur
Pjetur A. Ólafsson.

Meðstjórnendur rita firmað þannig:

pr. h.f. Kópur
Ragnar Ólafsson
P. Stefánsson.

*V. Isafjarðarsýsla og Isafjörður.*

1. Pjetur A. Ólafsson konsúll í Reykjavík, Páll Stefánsson stórkaupmaður í Reykjavík, Kristján Torfason stórkaupmaður á Sólbakka, tilkynna að »Hlutafjelagið Sólbakki« reki iðnað og verslun með sjávarafurðir og það sem að útveg lýtur á Sólbakka. Lög $^2/_{10}$ 1915. Hlutafjeð 100,000 kr. í 5000 kr. hlutum á handhafa er greitt að fullu. Firmað rita formaður eða 2 meðstjórnendur. Anton Proppé hefir prókúru.

Nafnritun hans:

p. pr. h.f. »Sólbakki«.
Anton Proppé.

2. Undirritaðir: Ólafur Guðmundsson, Jóhann Bárðarson, Guðmundur Pjetursson og Þorlákur Ólafsson, allir til heimilis í Bolungavík, tilkynnum að við rekum verslun í Bolungavík með firmanafninu Ólafur Guðmundsson & Co. 152

Rita allir firmað hvor um sig:

Ólafur Guðmundsson ritar þannig:

Ólafur Guðmundsson & Co.
Ó. Guðmundsson.

Þorlákur Ólafsson ritar þannig:

Ólafur Guðmundsson & Co.
Þorlákur Ólafsson.

Jóhann Bárðarson ritar þannig:

Ólafur Guðmundsson & Co.
Jóh. Bárðarson.

Guðmundur Pjetursson ritar þannig:

Ólafur Guðmundsson & Co.
Guðm Pjetursson.

Ísafirði, 27. júlí 1917.

Jóh. Bárðarson. Ólafur Guðmundsson. Þorlákur Ólafsson. Guðm. Pjetursson.

3 Elías J. Pálsson og Jón S. Edwald tilkynna, að þeir reki með fullri ábyrgð verslun á Ísafirði með firmanafninu: Elías & Edwald.

Rita firmað hvorum sig þannig:

Elías & Edwald.

## *VI. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.*

1. Undir firma »h.f. Siglufjord Sildeoliefabrik« er rekin verslun og verksmiðjuiðnaður á Siglufirði samkvæmt lögum dags. 12. júlí 1916.

Í stjórn fjelagsins eru þrír menn þeir: Johan Balslev stórkaupm. Kaupmannahöfn, Sören Goos kaupm. á Siglufirði, Kai Hoack yfirrjettarmálaflutningsmaður í Kaupmannahöfn.

Firmað rita Johan Balslev og Sören Goos hvor um sig þannig:

»H.f. Siglufjord Sildeoliefabrik«
Johan Balslev eða Sören Goos.

Hlutafje er 250 þús. krónur, skift i hluti á 10.000 kr., 5000 kr. og 1000 kr. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Hlutafjeð er alt greitt.

Stjórn h.f. Siglufjord Sildeoliefabrik
12. júlí 1916.
Sören Goos. Johan Balslev. Kai Hoack.

152 2. Otto Tulinius, Einar Gunnarsson og Sigv. Þorsteinsson tilkynna fyrir »Gufubátsfjelag Norðlendinga«, að »Gufubátsfjelag Norðlendinga« er hætt starfsemi sinni.

3. Undir firma h f. »Sjöstjarnan« er rekin fiskiveiðaatvinna á Akureyri af hlutafjelagi, með lögum dags. 7. febr. 1916.

Í stjórn fjelagsins eru 3 menn og eru þeir: Böðvar Jónsson yfirdómslögmaður formaður og meðstjórnendur Friðjón Jensson læknir og Sigurður Kristinsson kaupfjelagsstjóri.

Í varastjórn eru: Formaður Lárus Rist leikfimiskennari og meðstjórnendur Sigurður Einarsson dýralæknir og Þorkell Þorkelsson kennari. — Formaður og einhver annar úr stjórninni ritar firmað.

Prókúru hefir útgerðarstjóri fjelagsins Þorvaldur Sigurðsson kaupmaður.

Hlutafjeð er 15 þús. kr. skift í 30 hluti á 500 kr. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Hlutafjeð alt greitt.

Tilkynningar birtar í blaði á Akureyri, ef ekki verður komið sjerstakri tilkynningu til allra hluthafa.

Akureyri, 3. ágúst 1917.

Böðvar Jónsson. S. Kristinsson. Friðjón Jensson.

Stjórnin ritar firmað þannig:

H f. »Sjöstjarnan«

Böðvar Jónsson. S. Kristjánsson

(eða Böðvar Jónsson. Friðjón Jensson).

(eða formaður og einhver varastjórnarmanna)

(eða varaformaður og einhver meðstjórnenda).

Prókúristinn ritar firmað þannig:

pr. h.f. «Sjöstjarnan«

Þorv. Sigurðsson.

4. Under Firma Aktieselskabet »Holar« drives Fiskerivirksomhed af et Aktieselskab hvis Vedtægter er af 2. Juni 1917 og hvis Bestyrelse bestaar af 3 Medlemmer, J. F. Jörgen Klerk som Formand, Hermann Sörensen og Sophus Christensen, af hvilke förstnævnte i Forening med et andet Bestyrelsesmedlem tegner Firmaet. Sidstnævnte har endvidere Prokura. Aktiekapitalen udgör 10000 Kr. Aktier paa 500 Kr., som lyder paa Ihændehaver, men kan noteres paa Navn, og som er fuldt indbetalt.

Bekendtgörelse til Medlemmerne sker i Berlingske Tidende.

Fiskeriaktieselskabet »Holar« af Köbenhavn, hvis Bestyrelse bestaar af Overretssagförer Jörgen Klerk, Direktör Sophus Christensen, begge af Köbenhavn, og Grosserer Hermann Sörensen af Frederiksberg, har oprettet en Filial i Siglefjord undar Firma: Atieselskabet »Holar« (Filial).

Jon Sigurdsson, boende i Reykjavik, bestyrer Filialen og har Prokura.

Kjöbenhavn, den 6te Juli 1917.

Hermann Sörensen. Jörgen Klerk. Soph. Christensen.

VII. *Suður-Múlasýsla.* 152

1. Gunnar Bóasson, Guðni Pjetursson og Tómas Nikulásson, allir til heimilis á Reyðarfirði, tilkynna til firmaskrárinnar, að þeir í fjelagi reki verslun með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu »Verslunin Framsókn«.

Lögheimili þess er á Reyðarfirði.

Guðni Pjetursson ritar firmað þannig:

Verslunin Framsókn.
Guðni Pjetursson.

Gunnar Bóasson ritar firmað þannig:

Verslunin Framsókn.
Gunnar Bóasson.

Tómas Nikulásson ritar firmað þannig:

Verslunin Framsókn.
Tómas Nikulásson.

*Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.*

1. Haraldur Böðvarsson kaupmaður í Reykjavík, Sverre Hansen skipaútgerðarmaður í Bergen og Eggert Claessen yfirrjettarmálaflutningsmaður í Reykjavík, tilkynna að hlutafjelagið »Haraldur Böðvarsson & Co. h f.« reki verslun í Sandgerði. — Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 6. oktbr. f. á. — Í stjórn fjelagsins eru: Haraldur Böðvarsson, formaður, og meðstjórnendur Sverre Hansen og Eggert Claessen — Undirskrift formanns er gild að því er snertir venjulega rekstursstarfsemi, ella þarf undirskrift formanns og annars meðstjórnanda. — Til þess að veðsetja eignir fjelagsins, kaupa og selja fasteignir, þarf samþykki fjelagsfundar. —

Höfuðstóllinn er 65 þús. kr., skift í 10000 kr., 500 kr. og 100 kr. hluti, sem hljóða á nafn og skulu greiðast að fullu þegar formaður fjelagsins krefst þess. — Birtingar til fjelagsmanna þarf eigi að setja í opinber blöð.

2. Samkvæmt samþyktum lögum 29. okt. 1916 rekur h.f. »Dvergur«, trjesmíðaverksmiðja og timburverslun Hafnarfjarðar, Flygenring & Co., húsa- og húsgagnasmíðar, ásamt verslun með timbur og annan efnivið.

Í stjórn fjelagsins eru 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur, Aug. Flygenring kaupm., Davíð Kristjánsson trjesm. og Guðmundur Helgason gjaldkeri, sem er formaður fjelagsins. — Heimild til að rita firmað hefir formaður fjelagsins, að því er snertir venjulega rekstursstarfsemi, ella þarf undirskrift formanns og annars meðstjórnanda, samkvæmt fjelagslögunum.

Hlutafjeð er 27.500 kr., skift í 100 kr. hluti, sem hljóða upp á nafn. — Alt hlutafjeð innborgað. — Birting til fjelagsmanna þarf ekki að setja í opinber blöð.

152 3. Sameignarfjelagið »Dvergur«, trjesmíðaverksmiðja og timburverslun Hafnarfjarðar, Flygenring & Co, tilkynnir afturköllun og útstrykun úr firmaskránni á firma þessu, með því að þessum fjelagsskap hafi frá síðustu áramótum verið breytt í hlutafjelag.

4. Ólafur V. Ófeigsson, kaupmaður í Keflavík, rekur verslun í Keflavík undir nafninu »Verslun Ólafs V. Ófeigssonar«, og hefir hann einn rjett til að rita firmað.

5. Það tilkynnist hjermeð, að Böðvar Böðvarsson, bakari í Hafnarfirði, hefir gengið út úr firmanu Verslun Böðvarssona & Co. frá 1. desember þ. á. Að öðru er firmað óbreytt.

153

# Auglýsing

**frá skrárritara vörumerkja í Reykjavík**

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1917.

*Skrás. 1917 nr. 1.*

Tilkynt 20. marst 1917, kl. 4 síðd., af Joseph Watson & Sons, Limited, sápugjörðarmönnum, Leeds, Englandi, og skrásett 24. s. m.

Lýsing á merkinu:

Orðið:

**NUBOLIC**

sem er sjerstaklega tilbúið heiti, er einkenna á með almennar sáputegundir.

Merkið er skrásett í London 27. júlí 1891, 47. flokki, fyrir sömu vörutegundir, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 27. júlí 1905.

*Skrás. 1917 nr. 2.*

Tilkynt 20. mars 1917, kl 4 síðd, af Andrew Melrose & Company, tesölum, Edinburgh, Skotlandi, og skrásett 24. s. m.

Lýsing á merkinu:

Orðin:

**MELROSE'S TEAS**